

LÖG

um breytingu á lögum um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, nr. 55 10. júní 1998, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „Til og með 30. júní 2001“ í ákvæði til bráðabirgða í lögnum kemur: Til og með 31. desember 2002.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 31. maí 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Árni M. Mathiesen.

31. maí 2001

Nr. 80

LÖG

um breytingu á lögum nr. 60/1981, um raforkuver, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Iðnaðarráðherra er heimilt að veita Orkuveitu Reykjavíkur leyfi til að reisa og reka jarðvarmavirkjun til raforkuframleiðslu á Nesjavöllum með allt að 90 MW afli.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 31. maí 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Valgerður Sverrisdóttir.